

103  
14. maí

## FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1939.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Til viðbótar við gjöld, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1939, eru veittar samkv. 2.—4. gr. hér á eftir ..... kr. 28743.65

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt:  
Kostnaður við störf Vilhjálms Þórs, verzlunarerindreka í New York kr. 13255.65

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

1. Til Matthíasarbókhöðu á Akureyri .....	kr. 10000.00
2. Til skáksambands Íslands .....	— 3000.00
3. Til blaðamannafélags Íslands .....	— 500.00

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

1. Til Faxaflóanefndar .....	kr. 1200.00
2. Kostnaður við úthlutun kartöfluverðlauna .....	— 188.00
3. Til fyrirhleðslu Hólmsár .....	— 600.00

Samtals kr. 28743.65

*Gjört í Reykjavík, 14. maí 1940.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.**  
**Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.**  
(L. S.)

*Jakob Möller.*

104  
14. maí

## LÖG

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa nokkrar jarðir og afnotarétt jarða í Ölfusi.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Til að undirbúa stofnun nýbýla eða nýbýlahverfa er ríkisstjórninni heimilt að kaupa:

- Jarðirnar Hvamm og Kirkjuferju með hjáleigu, eða hluta úr þessum jörðum.
- Afnotarétt af jörðinni Hvoli í Ölfushreppi eða hluta úr henni.

## 2. gr.

104

Ef ekki semst við eigendur um kaupverðið, er ríkisstjórninni heimilt að taka eignarnámi jarðir þær og afnotaréttindi, er um getur í 1. gr. Eignarnámið skal framkvæmt samkv. lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

## 3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja úr ríkissjóði til landþurrkunar og vegagerðar í sambandi við stofnun nýbýla allt að 150 þús. krónum á árinu 1940 og allt að 200 þús. kr. á árinu 1941.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 14. maí 1940.*

**Hermann Jónasson.**

**Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.**

**Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

## L Ö G

105

14. maí

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

## 1. gr.

Við 1. gr. laganna.	Tolleining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
1. Á eftir nr. 33 í 50. kafla komi nýr tollskrárliður, svo hljóðandi:			
33 a. — Listmáunarléreff .....	1 kg	7	8
2. Nr. 7 í 51. kafla orðist svo:			
7 — Prjónavoð .....	1 kg	20	20
3. Á eftir nr. 31 í 72. kafla komi nýr tollskrárliður, svo hljóðandi:			
31 a. — Reimhjól .....	1 kg	2	8
4. Á eftir nr. 58 í 73. kafla komi nýr tollskrárliður, svo hljóðandi:			
58 a. — Duflaljóssker .....	1 kg	7	8
5. Á eftir nr. 3 í 83. kafla komi nýr tollskrárliður, svo hljóðandi:			
3 a. — Listmáunarpenslar .....	1 kg	7	8

## 2. gr.

Aftan við fyrstu málsgrein 3. gr. laganna bætist nýr málsliður, svo hljóðandi: Ennfremur af trjávið, sem notaður hefir verið í kassa utan um fisk til útflutnings.